

Stýrihópur verkefnisins Barnvæn samfélög

Erindisbréf

Þann 3. mars 2020 undirrituðu Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, Bergsteinn Jónsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi og Magnús Smári Snorrason formaður fræðsluráðs Borgarbyggðar samstarfssamning um verkefnið Barnvæn samfélög.

Skipan

Stýrihópur verkefnisins Barnvænna samfélaga er skipaður eftirfarandi fulltrúum:

- Verkefnastjóra Barnvænna samfélaga
- Sviðsstjóra fjölskyldusviðs
- Sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs
- Sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs
- Tveimur fulltrúum sveitarstjórnar
- Fjórum fulltrúum ungmennaráðs

Hlutverk

Hlutverk stýrihópsins er að samræma og stýra innleiðingu Barnasáttmálans innan sveitarfélagsins. Barnvænt sveitarfélag skuldbindur sig til þess að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og vinna markvisst eftir hugmyndafræði verkefnisins - sem byggir á eftirfarandi grunnþáttum:

- Þekkingu á réttindum barna.
- Því sem barninu er fyrir bestu.
- Jafnræði - að horft sé til réttinda allra barna.
- Þátttöku barna.
- Barnvænni nálgun.

Innleiðingarferlið tekur tvö ár og skiptist í 8 skref, sem Borgarbyggð stígur með það að markmiði að virða og uppfylla réttindi barna. Til að viðhalda viðurkenningunni þarf Borgarbyggð að halda innleiðingunni áfram, setja sér ný markmið og óska eftir nýju mati að tveimur árum liðnum.

Fyrirkomulag vinnu

Stýrihópurinn mun hefja störf í júní 2020, fundar reglulega og ber ábyrgð á innleiðingu skrefanna 8 í samstarfi við UNICEF.

Út frá upplýsingunum sem koma fram í kortlagningu innan Borgarbyggðar og samtali við einstaklinga þvert á svið og þjónustu, velur stýrihópurinn helstu markmið aðgerðaáætlunar verkefnisins.

Stýrihópurinn fylgir einnig eftir markmiðunum sem sett eru fram í aðgerðaáætlun Borgarbyggðar. Fyrsta ár innleiðingarferlisins miðar að því að skipuleggja framkvæmd verkefnisins, það seinna um að uppfylla markmið þess.

Innleiðingarferlinu lýkur þegar Borgarbyggð gefur UNICEF skýrslu um framvindu verkefnisins og ef UNICEF metur að innleiðing verkefnisins hafi verið til framdráttar fyrir réttindi barna í sveitarfélaginu og að aðgerðaáætlun hafi verið fylgt fær Borgarbyggð viðurkenningu barnvænna sveitarfélaga.

Eftir innleiðingarferlið heldur vinnan áfram og þá hefst nýtt tveggja ára ferli með nýjum markmiðum og nýrri aðgerðaráætlun. Að loknum tveimur árum til viðbótar getur Borgarbyggð sótt um að fá að halda viðurkenningunni til tveggja ára til viðbótar.

Greitt er fyrir setu í starfshópnum samkvæmt reglum Borgabyggðar.

Samþykkt í byggðarráði Borgarbyggðar 4. Júní 2020

Staðfest í sveitarstjórn Borgarbyggðar 11. Júní 2020